

Upplýsingar um verkefnið *Íslenskt unglingamál*

Íslenskt unglingamál er verkefni sem unnið er af málfræðingum og sérfræðingum í máltækni við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Tilgangur verkefnisins er að rannsaka málnotkun unglunga á aldrinum 13-19 ára og safna gögnum til að hægt sé þróa íslenska máltækni. Í þessum hluta rannsóknarinnar höfum við áhuga á að safna dæmum um **hversdagsleg samtöl unglunga eða símtöl**.

A) Hversdagsleg samtöl

Við viljum biðja þig um að taka upp samtál þegar gott færi gefst (á síma eða spjaldtölvu). Til dæmis gætir þú tekið upp samræður við eldhúsbörðið heima hjá þér eða umræður sem eiga sér stað þegar þú ert að vinna hópvinnu eða spila tölvuleiki. Allar hugmyndir eru vel þegnar!

B) Símtöl

Við viljum biðja þig um að taka upp símtöl sem þú átt við vini og vandamenn. Símtölin tekur þú upp með sérstöku appi sem þú hleður á símann, t.d. *Automatic Call Recorder*. Þú velur sjálf(ur) hvaða símtöl þú vilt leggja til verkefnisins þannig að þú þarft ekki að afhenda okkur öll símtöl sem þú tekur upp.

Þátttaka í verkefninu er öllum frjáls. Þetta gildir um alla sem heyrast á upptökunni. Stranglega bannað er að leyna því fyrir öðrum þátttakendum að verið sé að hljóðrita samtál!

Áður en þú sendir upptökuna til okkar þurfa allir aðrir sem koma fyrir á upptökunni að lesa vandlega og undirrita *Upplýst samþykki*. Blaðið er svo sent til mín í pósti eða tölvupósti (t.d. með því að skanna eða taka mynd af blaðinu). Hljóðupptökuna má senda mér á helga.hilmisdottir@arnastofnun.is. Ef erfitt reynist að senda upptökuna má hafa samband við mig svo við getum gert aðrar ráðstafanir. Þeir sem senda inn um það bil 20–30 mínútna upptöku fá bíósmíða að launum (tveir á mann fyrir hvern þátttakanda). Nánari upplýsingar má fá á vefsíðunni islensktunglingamal.com.

Helga Hilmisdóttir, rannsóknarlektor
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Laugavegi 13
101 Reykjavík

Netfang: helga.hilmisdottir@arnastofnun.is

Sími: 525 4443

Farsími: 867 5044